

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 8. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. nr. 76/2008, sbr. 3. gr. laga um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli nr. 176/2006, hafa umhverfis- og auðlindaráðherra og utanríkisráðherra staðfest aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Með erindi Skipulagsstofnunar dagsettu 31. janúar 2017 barst umhverfis- og auðlindaráðherra tillaga að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030. Var í erindinu lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að það frestaði að hluta skipulagstillögunni staðfestingar, sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er tillagan, að mati umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, ekki haldin form- eða efnisgalla, sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur málsmeðferð hennar verið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, sbr. ákvörðun ráðuneytisins frá 29. ágúst 2017 (UMH17020032).

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025 frá 24. febrúar 2006, með síðari breytingum.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 2. október 2017.*

**Björt Ólafsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*

*Utanríkisráðuneytinu, 5. október 2017.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Sigurjónsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 7. nóvember 2017